

Ed.

189. Nefndarólit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað framangreint frv., svo og greinargerð þá, sem því fylgir.

Í greinargerðinni er, svo sem vænta má, lögð allsterk áhersla á það, hve mikil nauðsyn sje orðin fyrir Norðfirðinga að verða lögsagnarumdæmi út af fyrir sig.

Nefndin vill nú eigi neita því, að það kynni að geta orðið til aukinna þæginda, svo og nokkurra hagsmuna fyrir Norðfirðinga að hreppa sjerstök kaupstaðarrjettindi, ef þeir reyndust heppnir með bæjarfógeta, enda þótt eigi sje sýnilegt af hinni glæsilegu lýsingu í greinargerðinni á þroska og vexti kaupþúnsins á seinustu árum, að vöntun kaupstaðarrjettindanna hafi staðið sjávarþorpinu mjög fyrir þrifum hingað til.

En þótt það verði ekki vjefengt, að Norðfirðingar telji sjer feng í því að fá þessi kaupstaðarrjettindi, sem farið er fram á í frv., þá verður einnig á hitt að líta, hvort slík breyting, sem hjer ræðir um, yrði ekki að sama skapi óhagstæð og of kostnaðarsöm fyrir hina tvo aðiljana, sem mál þetta varðar.

Af þeim undirtektum, sem mál þetta hefir fengið í sýslunefnd Suður-Múlasýslu og getið er um í greinargerðinni, virðist mega ráða það, að sýslunefndin telji það fremur tap en vinning fyrir umrætt sýslufjelag, að Norðfjörður væri frá því skilinn. Og er það skiljanlegt. Því þar sem hjer er, eftir því sem virðist, um blómlegt hreppsfjelag að ræða, þá hlyti það að verða fjárhagslegt tap fyrir sýslufjlagið að missa það, en hinsvegar til lítills hægðarauka að því er snertir stjórn sýslufjelagsins, þar sem þetta nýja lögsagnarumdæmi mundi, eftir legu sinni að dæma, ekki sniða neitt utan af sýslufjelaginu, heldur að eins mynda fleyg inn í það, sem skæri það að miklu leyti í sundur.

Að því er rikissjóð snertir, þá er nefndinni ekki annað kunnugt en að innheimta rikissjóðsgjalda í Suður-Múlasýslu hafi verið í góðu lagi, og sje því ekki hennar vegna þörf á stofnun þessa nýja embættis. Hinsvegar er það öllum auðsætt, að samþykkt frv. þessa mundi baka rikissjóði eigi svo litil aukin útgjöld. Að visu er í frv. hóflega á stað farið með laun úr rikissjóði handa hinum nýja bæjarfógeta. En það virðist mega gera ráð fyrir því, að sú skifting á laununum, sem gert er ráð fyrir í frv. (helmingur úr rikissjóði fyrir bæjarfógetastörfin og hinn helmingurinn úr bæjarsjóði fyrir bæjarstjórastörfin), mundi eigi reynast nema bráðabirgðaráðstöfun. Þegar frá liði mætti telja líklegt, að farið yrði fram á það, að þessum bæjarfógeta yrði jafnt sem öðrum veitt full laun úr rikissjóði. Enda mætti segja, að allmikil sanngirni mælti með því, að undantekning yrði eigi til lengdar gerð með þennan eina embættismann, að setja laun hans úr rikissjóði svo miklu lægri en allra annara stjettarbræðra hans, enda er reynslan búin að sýna það, að það stendur ekki lengi, þótt bæjarfógeta, sem lítið hefir að gera meiri hluta ársins, sjeu ákveðin lægri laun en hinum, sem meiri hafa störf. Hinsvegar má telja vist, að samþykkt þessa frv. mundi einnig að öðru leyti hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir rikissjóðinn. Því þegar búid væri að samþykkja það, að taka Neskaupún í tölu kaupstaðanna og gera hann að lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, þá mætti búast við, að örðugt veittist að standa á móti, að sömu rjettinda yrðu aðnjótandi önnur kaupún, sem hafa fult svo marga eða jafnvel fleiri íbúa en þetta kaupún og engu minni örðugleika við það að ná til hlutaðeigandi sýslumanns, svo sem nú er t. d. ástatt með Akranes eða Skipaskaga, og jafnvel fleiri. Samþykkt þessa frv. væri því spor í áttina til embættafjölgunar, sem leiða mundi til þess, að önnur samskonar eða svipuð spor yrðu stigin á eftir, sem verður þó að ætla, að sje þvert á móti vilja og tilætlun þings og þjóðar.

Nefndin verður því af framangreindum ástæðum að leggja það til, að háttv. deild felli frv. það, sem hjer um ræðir.

Alþingi, 20. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson.